



Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
b.t. Umhverfis- og samgöngunefndar

26. janúar 2021

Þskj. 461-369. mál, frv. til l. um Hálandisþjóðgarð

Umsögn Landssambands hestamannafélaga

1. Almennar athugasemdir

Landssamband hestamannafélaga eru samtök um 12.500 hestamanna. Hestamenn eru fjölbreyttur hópur fólks sem deilir áhuga á íslenska hestinum og íslenskrí náttúru. Hestamenn eru upp til hópa náttúruunnendur og bera virðingu fyrir landinu. Sumir stunda hestamennsku sína mest út frá hesthúsabyggðum að vetri til, hjá öðrum hverfist hestamennskan um ferðamennsku á sumrin, enn aðrir stunda hestamennsku allt árið. Stór hluti hestamanna ferðast um hálendið á hestum sínum á sumrin, í lengri og styttri ferðum, til að njóta náttúru og víðernis hálendisins. Hópfarir á hestum um hálendið er mikilvægur hluti af hestamennsku margra hestamanna.

Allt frá landnámi Íslands hefur verið umferð á hestum um hálendið. Reiðgötur mynduðust með tímanum þar sem hentugast þótti að ríða með tilliti til landslags og vatnalaga og urðu að þeim þjóðleiðum sem við þekkjum í dag. Á síðari tímum hafa ýmsar fornar reiðleiðir lokast vegna þeirra takmarkana sem landnýting setur. Fornar reiðleiðir á hálendinu eru hluti af dýrmætum menningararfi okkar sem ber að varðveita. Umferð hestamanna um miðhálendið hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár og æ fleiri hestamenn fara í lengri eða styttri ferðir um hálendið á hestum sínum á sumrin. Segja má að myndast hafi eins konar hefðarréttur hestamanna fyrir óheftum aðgangi að fjölförnustu reiðleiðunum.

Landssamband hestamannafélaga heldur utan um Kortasjá LH (map.is/lh) í samstarfi við Loftmyndir ehf., þar sem skráðar eru viðurkenndar reiðleiðir á Íslandi. Þannig hafa hestamann skilgreint, skráð og haldið utan um þá vegi og slóða sem sannarlega eru reiðleiðir og ber að varðveita og tryggja að verði reiðleiðir áfram.

Almannaréttur á sér langa hefð á Íslandi og helgast af því viðhorfi að náttúra Íslands sé sameiginleg gæði landsmanna sem öllum sé jafnfrjálst að njóta, mikilvægt er að standa vörð um þennan rétt, en honum fylgir jafnframt skylda til að ganga vel um landið.

Í lögum um Náttúruvernd (60/2013) er getið um heimild almennings til að ferðast um landið í lögmætum tilgangi og heimild ríðandi manna til að ferðast um landið að uppfylltum skilyrðum um að ganga vel um náttúruna og fylgja eins og kostur er skipulögðum reiðstígum.

Hestamenn óttast að með stofnun Hálandisþjóðgarðs verði aðgegni og frelsi hestamanna að hálendinu skert, aðgengi sem hefur verið til staðar frá landnámi. Reynsla hestamanna af þeim þjóðgörðum sem



Þegar eru til staðar sýna að hömlur eru settar á ferðir hestahópa um þjóðgarða. Ef þær reglugerðir sem gilda munu um Hálendisþjóðgarðinn verða byggðar á þeim reglugerðum sem gilda um Vatnajökulsþjóðgarð þá verður að taka tillit til þess að umferð hestahópa um miðhálandið, sérstaklega vesturluta hálendisins, er allt önnur og meiri og á sér ríkari hefð en í Vatnajökulsþjóðgarði. Leiðir um svæði eins og Kjöl, Sprengisand og Fjallabak og eru frábrugðnar öðrum landsvæðum hvað varðar umferð hestamanna og þá góðu aðstöðu sem þar hefur verið byggð upp með umferð hestahópa í huga.

Tryggja verður aðkomu fulltrúa hestamanna að stefnumörkun og uppbyggingu Hálendisþjóðgarðs til að verja ferðafresli hestamanna um þjóðleiðir og þær reiðleiðir sem skilgreindar eru í Kortasjá, eins og verið hefur.

2. Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

Athugasemdir við 3. gr. frv.

„Markmið Hálendisþjóðgarðs er m.a. að „vernda náttúru og sögu [...] og menningarminjar...“

„Gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru, menningar og sögu þjóðgarðsins
Auðvelda almenningi aðgengi að þjóðgarðinum eftir því sem unnt er án þess að náttúra hans spillist.
Stuðla að því að almenningur geti stundað útivist innan þjóðgarðsins í sátt við náttúru og menningarminjar.“

Markmið Hálendisþjóðgarðs eru göfug. Fornar reiðleiðir er hluti af menningarminjum okkar og ber að varðveita og halda opnum eins og hefð er fyrir.

Eitt af meginmarkmiðum er að stuðla að því að almenningur geti stundað útivist innan þjóðgarðsins. Því ber að tryggja að umferð hestamanna verði leyfð um reiðleiðir og vegi hálendisins eins og verið hefur.

Athugasemdir við 8. gr. frv. og 11. gr.

Um stjórn Hálendisþjóðgarðs og fulltrúar Umdæmisráðs.

„Einn fulltrúi tilnefndur af hverjum eftirtalinna aðila: **útvistarsamtökum**, umhverfisverndarsamtökum, Bændasamtökum Íslands og einn fulltrúi tilnefndur sameiginlega af ferðapjónustusamtökum á rekstrarsvæðum þjóðgarðsins og Samtökum ferðapjónustunnar.“

Mjög óljóst er við hvað er átt þegar talað er um að „útvistarsamtök“ tilnefni fulltrúa í stjórn Hálendisþjóðgarðs og í hvert umdæmisráð. Þarna vantar skilgreiningu á hugtakinu útvistarsamtök. Tryggja þarf aðgengi fulltrúa hins almenna hestamanns í ofangreindum stjórnnum og ráðum.

Athugasemdir við 14. gr. frv.

Um stjórnunar- og verndaráætlun

„Þar skal fjallað um umferðarrétt almennings, aðgengi að svæðinu, not þess og takmarkanir sem gilda á einstökum svæðum.“

Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að III. kafli um Stjórnunar og verndaáætlun sé efnislega samhljóða hliðstæðum ákvæðum í lögum um Vatnajökulsþjóðgarð.

Aðgengi hestamanna um Vatnajökulsþjóðgarð sætir talsverðum takmörkunum. Reynsla hestamanna ef Vatnajökulsþjóðgarði hefur vakið menn til umhugsunar um að álíka takmarkanir muni gilda um



Hálendisþjóðgarð sem hestamönnum hugnast ekki. Umferð hestamanna um miðhálandið er mun meiri og en um Vatnajökulsþjóðgarð og mikil uppbygging átt sér stað með hestaferðahópa í huga.

Athugasemdir við 18. gr. frv. og 31. gr. frv.

Um dvöl, umgengni og umferð í Hálendisþjóðgarði

„Almenningi er heimil för um Hálendisþjóðgarð og dvöl þar í lögmætum tilgangi.

Öllum er skylt að ganga vel um náttúru Hálendisþjóðgarðs og menningarmínjar og sýna ýrtruðu varúð og tillitssemi svo að náttúru, menningarmínjum og mannvirkjum þjóðgarðsins verði ekki spillt. Gestum Hálendisþjóðgarðs er skylt að hlíta fyrirmælum starfsmanna þjóðgarðsins um umgengni og háttsemi í þjóðgarðinum.

Í reglugerð sem ráðherra setur skal setja reglur um dvöl, umgengni og umferð í Hálendisþjóðgarði, þ.m.t. tjöldun og umferð gangandi, ríðandi og hjólandi vegfarenda, sem og um umferð vélknúinna ökutækja, báta, skipa, loftfara, flygilda og hvers konar annarra farartækja í þjóðgarðinum. Þá er heimilt að setja reglugerð um köfun og aðra útivistarstarfsemi innan Hálendisþjóðgarðs í því skyni að tryggja vernd náttúru og öryggi fólks.“

Ráðherra skal setja í reglugerðir nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þ.m.t. um:

„Dvöl, umgengni og umferð í Hálendisþjóðgarði, þ.m.t. tjöldun og umferð gangandi, ríðandi og hjólandi vegfarenda, sem og um umferð vélknúinna ökutækja, báta, skipa, loftfara, flygilda og hvers konar annarra farartækja í þjóðgarði, sbr. 3. mgr. 18. gr.“

Gert er ráð fyrir að ráðherra muni setja reglur um m.a. umferð ríðandi vegfarenda um Hálendisþjóðgarðinn. Mikilvægt er að fyrir liggi drög að slíkri reglugerð svo vitað sé hvers konar reglna sé að vænta um umferð innan þjóðgarðsins. Heimild ráðherra til að setja reglugerð um dvöl, umgengni og umferð um þjóðgarðinn virðist galopin og tryggja þarf aðkomu hagsmunahópa að undirbúningsvinnu fyrir slíka reglugerð.

Athugasemdir við 25. gr. frv.

„Þjóðgarðsverði er heimilt að loka Hálendisþjóðgarði eða einstökum svæðum hans fyrirvaralaust telji hann að dvöl manna eða umferð geti spillt lífríki, jarðmyndunum, landslagi eða menningarmínjum, ef hættuástand skapast í þjóðgarðinum vegna náttúruvárs eða ef lokun er nauðsynleg af öðrum ástæðum til að tryggja öryggi gesta.“

Heimild þjóðgarðsvarðar til að loka einstökum svæðum virðist vera nokkuð opin. Tryggja verður að ekki komi til lokana vegna geðþóttaákvæðana einstaklinga. Umferð hestamanna um hálandið er samofin sögu þjóðar frá örófi alda og hestamenn vilja að tryggt sé að réttur ríðandi umferðar verði óskertur og ekki háður valdi og leyfisveitingum þjóðgarðsvarðar eða annarra embættismanna hverju sinni.



3. Afstaða Landssambands hestamannafélaga

Landssambandi hestamannafélaga er umhugað um friðun og vernd náttúru og menningarverðmæta á miðhálandi Íslands.

Landssamband hestamannafélaga hefur þó verulegar áhyggjur af því að stofnun Hálandisþjóðgarðs hafi í för með sér íþyngjandi hömlur á ferðafrelsi og aðgengi hestamanna um hálandið og fornar þjóðleiðir sem ber að varðveita og þannig verði gengið á hefðarrétt hestamanna til að ferðast um hálandið. Enn er mörgum spurningum ósvarað um reglugerðir sem á eftir að semja til dæmis um umferð og dvöl á hálandinu.

Landssamband hestamannafélaga gerir kröfu um að samráð verði haft við hestamenn um aðgang ríðandi umferðar um Hálandisþjóðgarðinn og tryggja verður aðkomu almennra hestamanna að ákvörðunartöku, stefnumörkun og uppbyggingu Hálandisþjóðgarðs.

Landssamband hestamannafélaga leggst gegn samþykkt þessa frumvarps að svo stöddu og telur of mörgum spurningum ósvarað.